

Reykjavík, 20.03.89

Félagsmálanefnd Neðri deildar Alþingis
b.t. Jóns Sæmundar Sigurjónssonar form.
Alþingi.

Fundur framkvæmdastjórnar Verkamannasambands Íslands og fulltrúa svæðasambands innan ASÍ, sem haldinn var fimmtudaginn 16.03.89, samþykkti einróma að skora mjög eindregið á Alþingi að samþykkja frumv. Björns Grétar Sveinssonar og Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur um breytingu á lögum um orlof nr. 30/1987. Þingskjal 499, 281. mál.

Ástæður fyrir þessari einróma og eindregnu áskorun eru fyrst og fremst þær, að margir forsvarsmenn verkalyðsfélaga óttast að fyrirtæki -atvinnurekendur- þau, sem ekki hafa gert samninga við banka eða sparisjóði um varðveislu orlofslaunanna, komist í erfiðleika þegar að því kemur að greiða út orlofslaunin þegar þau falla í gjalddaga á komandi sumri.

VMSÍ er þeirrar skoðunar, að það hafi verið vanhugsað þegar sú breyting var gerð á orlofslögunum 1987 að fela fyrirtækjunum vörslu orlofslaunanna, þó að aðferðin við að verðtryggja (kauptryggja) þau sé allra góðra gjalda verð. Þegar kemur að orlofs-töku starfsfólks, sem yfirleitt er í mánuðunum júní - ágúst, þurfa fyrirtækin að hafa yfir að ráða miklu lausafé til þess að geta staðið í skilum að þessu leyti - lágmark orlofs er nú 10,17% og verði á orlofsárinu verulegar launabreytingar, gæti verið um fjárhæð að ræða, sem næmi 12-18% heildarlaunagreiðsla ársins -.

VMSÍ leggur á það mikla áherslu, að megintillaga frumvarps þeirra Björns Grétars og Aðalheiðar, að bankavarsla orlofslaunanna verði aðalregla, en því aðeins sé heimilt að fyrirtækin varveiti þau, að um það sé samkomulag við það stéttarfélag, sem hlut á að máli og starfsfólkið.

Í núgildandi orlofslög vantar mjög tilfinnanlega ákvæði sem gefur stéttarfélagunum ótvírætt vald til þess að hafa hönd í bagga um hvernig orlofslaunin eru varðveitt. Úr þessu er bætt ef frumvarpið verður að lögum. Það er að sjálfsögðu fráleitt og þarf ekki um það nein orð að hafa, að stéttarfélagin, samtök launafólksins, hafi ekkert um það að segja, hvernig þeir fjármunir, sem verkafólk á að nota í orlofi, séu varðveittir, eða hvort þeir séu yfirleitt til staðar þegar á þarf að halda.



VMSÍ vildi koma þessu áliti sínu á framfæri við Alþingi án tafar vegna þess að við lítum svo á að hér sé um verulegt hagsmunamál verkafólks að ræða og geti jafnvel ráðið úrstitum um það, hvort orlofslaunin séu til staðar þegar farið er í orlof.

Með kveðju,

VERKAMANNASAMBAND ÍSLANDS

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Þórir Danielsson', is written over the typed name.

Þórir Danielsson.